

# Sýna möl og grjót og sundurdregna risa-harmóniku!

Á laugardaginn var opnuð sýning listaverka eftir fjóra listamenn af yngri kynslóðinni á Kjarvalsstöðum. Listamenn þessir koma frá jafn mörgum löndum: Ólafur Lárusson frá Íslandi, Viggo Andersen frá Noregi, Anders Åberg frá Svíþjóð og Björn Nörngaard frá Danmörku.


Þeir félagar voru upphaflega valdir til að sýna á hinu þekktu Æsku-Biennal í París (hvað svo sem það nú er) árið 1977, en þangað er jafnan boðið listamönnum sem ekki hafa náð 35 ára aldri og þykja standa framarlega innan nýlista.

Í gær var hópur manna önnur kafinn að setja upp sýninguna á Kjarvalsstöðum og er óhætt að segja að hún sé sérstæð. Trúlega munu einhverjir verða til að hafa mörg hneykslunarorð um það sem fyrir augu ber, en raunar er ómögulegt að lýsa því, hvorki í máli né myndum. Sjón er sögu ríkari. Verk danans Björns Nörngaard er þó sérstakt að því leyti, að uppistadan í því er möl sem listamaðurinn hjólaði með í hjólbörum inn í sali Kjarvalsstaða og sturtaði á gólfid. Ofan á malarbingnum gefur að líta óhrjálegt sófasett, vatnsrennu með 600 litrum af vatni í og plastfiski á floti, stærðar hraungryttismola, póstkort á við og dreif um mölina o.fl. o.fl. Nei, þessu er ómögulegt að lýsa. Listamaðurinn sagði að verkið bæri byggt á skynjun á Snorra-Eddu, en hana las hann fyrst í skóla: „Snorra-Edda er mjög myndrik bók — þar er öllu lýst á stuttan en laggóðan hátt. Þess konar myndriki hef ég einnig reynt að stefna að í þessu verki”.

Annað verk dregur að sér athygli, en það var í uppsetningu í gær. Þar er um að ræða risastóra sundurdregna harmóniku sem meira að segja er hægt að sitja innan í.

Ekkert sást til verka íslendingsins í gær, en samkvæmt upplýsingum Aðalsteins Ingólfssonar, forstöðumanns Kjarvalsstaða, er um að ræða „skrásetningar á ákveðnum athöfnum til að setja fram skáldlegar tilgátur um eðli þess sem við sjáum og skynjum”.

Norðmanninum Viggo Andersen ógnáði stærð sýningar-sala Kjarvalsstaða og byrjaði því á því að byggja sérstakan sýningarsal fyrir sig úr létum skilrum-



Björn Nörngaard, situr í listaverkinu sínu. Takið eftir hálfétna eplinu á borðinu!



Séð yfir salinn á Kjarvalsstöðum. Harmónikan góða í baksýn, en í forgrunni sést hluti af malarbingnum sem danski listamaðurinn hjólaði inn á gólfid og gerði að listaverki. Til vinstri er ljósmyndari Þjóðviljans, sem virðist helst hallast að því að mölin væri betur komin í einhverjar af holunum á Þjóðvegnum. En list er list svo að...

um og er hann á ská í salnum! Sagðist hann hafa salinn á ská til að undirstrika séreinkenni síns

herbergis, en einnig hyggst hann þræða hvítan kaðal niður í herbergið.

Sýningin á Kjarvalsstöðum var opnuð 1. júlí eins og fyrr segir og stendur til sunnudagsins 23. júlí.

## alþýðu- blaðið

Útgefandi: Alþýðuflokkurinn. Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Arni Gunnarsson. Aðsetur ritstjórnar er í Síðumúla 11, sími 81866. Prentun: Blaðaprent h.f.

### Smáskammtalækningar duga ekki

Ríkisstjórn sem næst verður mynduð getur ekki leyft sér að halda áfram á braut smáskammtalækninga. Sjúkleiki efnahagslífsins er orðinn það alvarlegur að sá sýndarþati sem smáskammtalækningar veita gera aðeins illt verra. Þess vegna verður að bregða skjótt við og stefna að varanlegri lausn. Það verður að taka sjúklinginn til gagngerðrar meðferðar og stefna að upprætingu sjúkleikans. Til þess að svo megi verða þarf ríkisstjórn, sem við tekur, að vera meirihlutastjórn sem möguleika hefur til að sitja út kjörtímabilið. Aðgerðir sem miða að varanlegri lausn geta ekki skilað árangri á skömmum tíma. Minnihlutastjórn, sem á það á hættu, að fá pokann í hausinn þegar minnst varir getur því ekki tekið raunhæft á málum. Þetta þurfa verkalyðsflokkarnir að hafa í huga þegar talað er um stjórnarmyndun.

Vissulega er gaman að gæla við þá hugmynd, að þeir tveir flokkar sem áður voru í stjórnarandstöðu mynduðu stjórn og sýndu hvað þeir geta en með óraunsæjum hugmyndum geta þeir algjörlega rúð sig því trausti sem kjósendur sýndu þeim nú. Sú hugmynd, að mynda stjórn verkalyðsflokkanna tveggja er óraunsæ vegna þess, að þeir hafa ekki meirihluta á þingi og geta því ekki snúið sér að frambúðarlausn þeirra miklu verkefna, sem við blasa en yrðu að halda áfram á braut skammtalækninga fyrri ríkisstjórna. Slíkt myndi mjög veikja traust almennings á þessum flokkum. H.H.

### Skólalöggjöf og gagnrýni

Rúm fjögur ár eru nú líðin frá samþykkt grunnskólalaga á alþingi. Þá var gert ráð fyrir 10 ára tímabili sem löginn væru að koma til framkvæmda, þannig að enn er ýmislegt sem ekki er komið til framkvæmda af því sem gert er ráð fyrir í þessum lögum. Jafnframt því sem ýmis atriði grunnskólalaganna hafa verið að koma til framkvæmda hefur verið unnið að endurskoðun námsefnis þessa skólastigs af skólarannsóknardeild menntamálaráðuneytisins. Það verkefni er komið nokkuð áleiðis en þó mjög mikið óunnið. Langt er í land enn þá að mörg atriði grunnskólalaga komist í framkvæmd. Það vekur því nokkra furðu þegar svo stutt er síðan ný skólalöggjöf var sett, að fram skuli koma krafa eins stærsta dagblaðsins um upptöku þessara mála. Þegar nánar er að gáð kemur í ljós að gagnrýnin beinist ekki að löggjöfni sem slíkri. Gagnrýnin beinist að því að í skólanum fari fram pólitísk mótun nemenda, að áliti Morgunblaðsins. Því er jafnvel slegið föstu, að skólarnir hafi haft afgerandi áhrif á niðurstöður kosninganna. Kennarastarfið er vandasamt starf og kallar raunverulega á það besta sem í hverjum manni býr, ræki hann sitt starf vel. Kröfur þjóðfélagsins til kennara eru miklar þó viðurgjöfningur þess við þá sé ekki að sama skapi. Það má vafalaust finna mistök einstakra kennara á þennan eða hinn veginn, en það gefur ekki rétt til að fleygja eldi í jafn mikilsverðar stofnanir þjóðfélagsins eins og skólarnir eru. H.H.

### Winther vinsælustu og bestu þrihjólin



Varahlutabjónusta.

**Örninn**

Spítalastíg 8, sími 14661, pósthólf 671.

## Skrípaleikur: BANKA- VALDIÐ TIL UMRÆÐU

Á föstudagskvöld sýndi sjónvarpið nýtt leikrit, Skripaleikur, eftir Gísla J. Astþórsson. Leikritið var tekið upp á Siglufirði, leikstjóri var Baldvin Halldórsson.

Leikritið var skemmtilegt. Temað er einföld saga en samt snar þáttur Íslandssögu, sem sagnfræðingar hafa vanrækt. Það er saga bankavaldsins og valds þess í efnahagslegum ákvörðunum fólks í þessu landi. Bakveitur strákur kemur í stóran bæ og vill selja vixil til þess að geta keypt sér vörubíl. Meðan hann er að bíða eftir bankastjóranum hittir hann íslenskan heimspeking, mann sem kann að skulda. Heimspekingurinn Íslenski, sem Gísli Halldórsson lék, lýsti fánýti þess að vera heiðvirdur. Allt síðferði er afstætt og þess vegna er einfaldlega klókt að skulda — skulda. En til þess að geta skuldað þarf einhver að veita manni lán. Strákur, sem Sigurður Sigurjónsson lék, fer til bankastjóra, sem er á kafi í einhverju privátmóndli. En

fékk ekki lánið og fór heldur beygður heim.

Ferðir til bankastjóra og já eða nei eru ekkert séreinkenni síðustu verðbólguára. Við erum veidimannasamfélag, og síðan uppbygging og vélvæðing fiskiskipaflotans hófst hér fyrir aðamótin síðustu, hafa bankar spilað stórt hlutverk í allri atvinnulegri framvindu. Bankastjórar hafa verið valdamiklir menn — og eftirlitlítillir. Þar hafa gerzt harmleikir — stundum spaugilegir og stundum ekki. Óskar Halldórsson fór fimm sinnum á hausinn, en alltaf kom hann aftur. Þessa sérkennilegu sögu þarf að leggja meiri rækt við.

Samtöli leikriti Gísla J. Astþórssonar voru stundum langdregin um of, en samt listlega gerð. Þráðurinn var alíslenskur og leikritið skemmtilegt. Tónlist var óvenjulega skemmtileg, en hana samdi Jón Sigurðsson. Samanlagt, þá var þetta að minni hyggju vel heppnað sjónvarpsleikrit og stundum jökulst.